

Nd.

49. Frumvarp til laga

[49. mál]

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Björn Pálsson, Garðar Halldórsson,
Gísli Guðmundsson.

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Verja skal árlega fé úr ríkissjóði til endurnýjunar á þeim ræktunurvélum og tækjum, er notið hafa framlags skv. lögum þessum, sbr. þó 8. gr.

Framlag til endurnýjunar hvernar vélar eða tækis skal nema helmingi kostnaðarverðs hinnar nýju vélar eða tækis, að frádregnu því framlagi, er veitt var til hinnar fyrndu vélar eða tækis.

Franlag ríkissjóðs til ræktunarávæla og tækja, sem keypt verða, án þess að um endurnýjun sé að ræða, skal vera helmingur kostnaðar, enda telji vélanevnd þörf á kaupunum til ræktunarframkvæmda samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin 1. gr. laga nr. 26 8. maí 1955.

Greinargerð.

Frv. sama efnis var flutt á síðasta Alþingi, en náði þá ekki samþykki.

Með setningu laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsgerðarsamþykktir í sveitum, var lögð undirstaða að því að byggja upp véla- og verkfærakost landbúnaðarins til nýræktar með framlögum til kaupa á jarðvinnsluvélum og tækjum. Námu framlög þessi hálfu kostnaðarverði véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað. Til þess að standa undir kostnaði ríkissjóðs við framkvæmd laganna var þegar í upphafi ákveðið að verja kr. 3 000 000.00 úr framkvæmdasjóði ríkisins (l. nr. 55 4. júlí 1942), en í árslok 1949 var þessi upphæð nær til þurrðar gengin, og hefur síðan verið tekin inn á fjárlög fjárveitingu, svo sem hér greinir:

Árið 1950	1 000 000.00 kr.
— 1951	500 000.00 —
— 1952	500 000.00 —
— 1953	500 000.00 —
— 1954	600 000.00 —
— 1955	600 000.00 —
— 1956	2 000 000.00 —
— 1957	2 000 000.00 —
— 1958	2 000 000.00 —

Árin 1950—1958 samtals 9 700 000.00 kr. á fjárlögum.

Alls hefur því ríkissjóður tryggt fjármagn að upphæð 12.7 millj. kr. til framlags til véla- og verkfærakaupa ræktunarsambanda og félaga skv. lögnum um jarðræktar-samþykktir í sveitum.

Framlagi ríkissjóðs hefur verið varið til kaupa á eftirtöldum vélum, sem skiptist þannig eftir árum:

	30 he.	Beltavélar 40 he.	60 he.	Aðrar beltavélar	Traktorar	Skurðgröfur
1945)						
1949)	28	26	7	15	25	5
1950	2	13	5		2	4
1951	2	1	1		1	
1952	1	2			5	
1953		1				
1954		3	5			
1955		8	7			
1956		5	10			
1957		3	3			
1958		1				
1959	1	1	2			
1945—1959	34	64	40	15	33	9

Yfirlit þetta sýnir líka, hvaða þróun hefur átt sér stað í vélakaupum á því tímabili, sem löggin hafa verið í gildi. Á fyrstu 5 árunum er um 47% keypt af beltavélum af minnstu gerð (30 he.), en 53% af stærri gerðunum.

Ef tilsvarendi samanburður er gerður á síðasta 5 ára tímabili, kemur í ljós, að

rúmlega 2% er keypt af minnstu gerð beltavélanna, en tæp 98% af þeim stærri, og enn fremur, að meiri eftirspurn og kaup eru þá á beltavélum 60—80 hestafla en 40—50 he. Þegar um endurnýjun vélakostsins verður að ræða, mun þetta koma greinilegar í ljós, en stefnan í þessum málum er ótvíræð.

Á yfirlitsskýrslunni er liðurinn „aðrar beltavélar“. Er þar um að ræða jarð- ýtur af gerðinni Cletrac, sem reyndust það illa til jarðvinnslu, að við endurskoðun áætlunar um véla- og verkfærakost ræktunarsambanda og félaga á árinu 1954 var þeim félögum, sem enn voru að baslast með þessar vélar, veitt heimild til kaupa á nýjum vélum í þeirra stað með fullu framlagi úr ríkissjóði.

Af yfirlitsskýrslunni má enn fremur sjá, að eftir árið 1952 hefur ekki verið veitt framlag til kaupa á hjóladráttarvélum og framlög til skurðgröfukaupa eru niður felld á árinu 1950.

Lokið er nú að mestu þeim kaupum á vélum og verkfærum, sem styrkja ber skv. lögum um jarðræktarsamþykktir, og er því ekki úr vegi að athuga, hvað áunnizt hefur og hverjar muni vera framtíðarhorfur í þessum málum

Ef litið er á nýræktina, sést, að hún hefur vaxið jafnt og þétt með auknum og bættum véla- og verkfærakosti, svo sem eftirfarandi yfirlit sýnir:

Ár	Nýrækt ha.
1945	1162
1949	1296
1954	2545
1958	3855
1959	4444

Samfara aukningunni í ræktun hefur verið lögð áherzla á betri ræktun, sem ætti að tryggja meiri endingu hins ræktaða lands, en þetta hefur aðeins verið framkvæmanlegt með auknum og bættum véla- og verkfærakosti.

Með lögunum um jarðræktarsamþykktir var lagður grundvöllur að véla- og verkfærakosti, sem með hæfilegri fyrningu átti að geta endurnýjað sig sjálfur, svo sem líka hefði verið, ef hið sírýrða verðgildi íslenskra peninga hefði ekki átt sér stað. Dæmið er hvað ljósast, ef athugaðar eru þær breytingar á verðlagi, sem átt hafa sér stað á tímabilinu og eiga við beltavél af miðlungsstærð:

Ár	Kostnaðarverð kr.	Hlutföll
1945	43 500.00	100
1947	46 000.00	106
1949	65 000.00	150
1950	136 000.00	313
1951	183 000.00	421
1955	184 000.00	423
1956	226 000.00	520
1957	282 000.00	648
1959	385 000.00	885
1960	622 500.00	1431

Af yfirliti þessu um verðbreytinguna er ljóst, að fyrningarsjóðir ræktunarsambanda og félaga hrökkva skammt, þegar til endurnýjunar kemur, hvað þá heldur þegar við bætist, að sá vélakostur, sem upphaflega var valinn, voru vélar af minnstu gerð, en við endurnýjun er óskað eftir stærri gerðum.

Með núverandi verðlagi kostar beltavél af stærstu gerð með ýtu um og yfir 1 millj. kr., og tilheyrandi jarðvinnsluverkfæri ásamt flutningavagni kosta allt að 150 þús. kr.

Ef viðhalda á þeirri þróun, sem verið hefur í ræktun jarðar á síðari árum, er nauðsynlegt að styrkja ræktunarsambönd og félög áfram til þess að endurnýja véla- og verkfærakost sinn, því að af eigin rammleik geta þau það ekki.

Sú leið, sem valin er með breytingu á 9. gr. 1. nr. 7 12. jan. 1945, þykir réttmæt og eðlileg.

Í frv. er gert ráð fyrir, að ræktunarsambönd, sem kunna að eiga eftir að nota rétt sinn til framlags samkv. gerðum áætlunum, haldi honum, og sama gildir um ný ræktunarsambönd, sem stofnuð kunna að verða.